

Hæstaréttardómar

Útgefandi: Hæstaréttarritari.

XI. árgangur.

1930.

Föstudaginn 10. jan. 1930.

Nr. 80/1929. **Kristján Guðmundsson** (Pétur Magnússon)

gegn

Simoni Guðmundssyni (Enginn).

Ómerkingardómur.

Dómur hæstaréttar.

Umstefnd ummæli, sem getið er í hinum áfrýjaða aukaréttardómi, á stefndi að hafa haft um áfrýjanda á sáttafundi, sem haldinn var með málsaðiljum í Vestmannaeyjum 2. júlí f. á., út af vangoldnu kaupi stefnda til sonar áfrýjanda.

Stefndi vildi ekki kannast við ummælin og með því að ekki voru staddir á sáttafundinum aðrir en aðiljar og sáttanefndarmennirnir, stefndi áfrýjandi nefndarmönnunum fyrir rétt til að bera vitni í málinu. En þegar þangað kom mótmælti stefndi og nefndarmennirnir því, með skírskotun til 28. gr. tilsk. 20. jan. 1797, að sáttamennirnir væri krafðir vitnisburðar um það, er gjörzt hafði í þessu efni á sáttafundinum. Og 20. júlí úrskurðaði vitnadómarinn, að sáttamennirnir yrði ekki spurðir um það.

Var stefndi síðan sýknaður af kröfum áfrýjanda með aukaréttardómi Vestmannaeyja 8. ágúst og áfrýjandi jafnframt dæmdur til að greiða honum 30 kr. málskostnað.

Þessum dómi og nefndum úrskurði skaut áfrýjandi

síðan til hæstaréttar með stefnu, dags. 22. ágúst. Krefst áfrýjandi þess, að úrskurðurinn og öll meðferð málsins eftir það ásamt dóminum verði ómerkt og málinu jafnframt heimvísað til löglegri meðferðar og dómsálagningar af nýju og stefndi loks dæmdur til að greiða sér málskostnað hér í rétti.

Stefndi hefir hvorki mætt né látið mæta, enda þótt honum væri löglega stefnt. Hefir málið því verið rekið skriflega og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Það er nú að vísu svo, að 28. gr. tilsk. 20. jan. 1797 bannar yfirleitt, þegar ekki verður sæzt á mál, að gefa vitnisburði um eða leiða vitni til þess, sem af hlutaðeigendum fyrir sáttanefnd er »viðgengið eða ráðgert«. En hlutarins eðli, tilvitnuðu orðin og sambandið innan greinarinnar sýnir, að átt er aðeins við þær játningar og ráðagjörðir, sem koma fram á sáttafundi um efni þess máls, sem til meðferðar er í nefndinni og sættir ekki takast um, en aftur á móti ekki við meiðyrðingar og aðra atburði, óskylda því efni, sem sátt var reynd um.

Það verður því að ómerkja úrskurðinn og dóminn og heimvísa málinu og skylda héraðsdómarann til að taka málið upp af nýju í því ástandi, sem það var, áður en úrskurðurinn gekk, að leggja spurningar þær, er vísað var á bug með úrskurðinum, fyrir hin stefndu vitni, sáttanefndarmennina séra Sigurjón Árnason og Árna Filippusson, og loks til að dæma málið af nýju.

Samkv. þessum úrslitum verður stefndi að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, og er hann eftir atvikum ákveðinn 150 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður og aukaréttardómur

skulu úr gildi felldir. Ber héraðsdómaranum að leggja ofan umgetnar spurningar fyrir ofan nefnd vitni og síðan leggja dóm á málið af nýju.

Stefndi, Símon Guðmundsson, greiði áfrýjanda, Kristjáni Guðmundssyni, að viðlagðri aðför að lögum, 150 kr. sem málskostnað fyrir hæstarétti.

Föstudaginn 10. jan. 1930.

Nr. 31/1929. **O. Ellingsen, f. h. eigenda Kúttur „Emerald“** (Lárus Fjeldsted)
 gegn
Péttri Magnússyni, f. h. eigenda b/v. „Sethon“, G. Y. 928 (Pétur Magnússon).

Borgun fyrir dráttaraðstoð við skip.

Dómur sjóréttar Reykjavíkur 22. dez. 1928: Stefndur, O. Ellingsen, f. h. eigenda kúttur »Emerald« T. G. 305, greiði stefnandanum, Péttri Magnússyni, f. h. eigenda b/v. G. Y. 928 »Sethon«, kr. 3500.00 með 6 % ársvöxtum frá 1. apríl 1926 til greiðsludags og 500 krónur í málskostnað, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum, og staðfestist lögaldsgjörðin frá 18. apríl þ. á. fyrir þessum upphæðum.

Dómur hæstaréttar.

Með tilliti til þess, að botnvörpuskipið tafðist 2 sólarhringa frá veiðum vegna aðstoðar þeirrar, er skipstjórinn veitti Kúttur »Emerald«, á góðum veiðitíma, og enn fremur með tilliti til skýrslu skipstjórans á botnvörpunum um veiði hans 2 næstu nætur á undan aðstoðinni, má fallast á upphæð þá, er sjórétturinn hefir ákveðið sem borgun fyrir umrædda aðstoð.